

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Af hundum og köttum í Húnaþingi vestra skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. 10. gr. samþykktar nr. 297/2013 um hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Við skráningu hunds skal greiða leyfisgjald kr. 6.400 sem gildir til næstkomandi maímánaðar og síðan árlega 1. maí kr. 6.400 fyrir eitt ár í senn. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Ef endurnýja þarf merkispjald skal innheimt gjald fyrir hvert merki vera kr. 1.550.

Fyrir handsömun hunda skal eigandi greiða áfallinn kostnað.

Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfi til hundahalds sjálfkrafa úr gildi.

Undanþegnir ofangreindu gjaldi eru þarfahundar á lögbýlum sem og hundar sem notaðir eru til leitar- og björgunarstarfa og hundar notaðir til aðstoðar blindu fólki eða fötludu.

3. gr.

Við skráningu kattar skal greiða skráningargjald kr. 1.800.

Innifalið í gjaldinu er merkispjald, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Ef endurnýja þarf merkispjald skal innheimt gjald fyrir hvert merki vera kr. 1.550.

4. gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði ofangreind gjöld ekki greidd í síðasta lagi á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 12. nóvember 2014, með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2015. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 324/2014 fyrir hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.

Hvammstanga, 13. nóvember 2014.

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri.